

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarsvæðis ÍB2, Glæsibæ, Hörgársveit.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 30. apríl 2020 deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði ÍB2 í landi Glæsibæjar skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er 12,0 ha að stærð og liggur sunnan bæjarhúsa og kirkju í Glæsibæ á svæði sem tilgreint er sem íbúðarsvæði ÍB2 í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagstillagan tekur til 18 íbúðarlóða ásamt gatnagerð og veituframkvæmdum. Framkvæmdin fellur undir lið 1.01 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og telst vera C-framkvæmd.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hörgársveit, 26. júní 2020.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2020